

um frekari jarðhitaleit á Vestfjörðum.

Flm.: Finnbogi Hermannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna til hlítar, hvort um virkjanlegan jarðhita sé að ræða í nánd þéttbýlisstaða á Vestfjörðum, og einnig, hvort ekki beri að endurskoða lög um Orkusjóð frá 1967, þá grein er varðar hlutdeild Orkusjóðs við jarðhitaleit, tilraunaboranir o. s. frv., með tilliti til svokallaðra kaldra svæða, eins og til að mynda á Vestfjörðum og þar sem áhætta við borun hamlar að sveitarfélög leggi út í slík fyrirtæki á fyrrnefndum svæðum.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa farið fram rannsóknir og boranir á Vestfjörðum, í nánd þéttbýliskjarna, til að kanna hvort um virkjanlegan jarðhita sé að ræða. Jarðhiti er í nágrenni nokkurra þéttbýlisstaða, en aðeins á einum stað hefur hitaveitu verið komið á laggirnar. Það er í Súgandafirði.

Í síðustu skýrslu, sem samin hefur verið um jarðhitaleit á Vestfjörðum, þ. e. skýrslu þeirra Kristjáns Sæmundssonar og Gísla Karels Halldórssonar, í febr. 1979, kemur fram, að þrír staðir kunni að eiga möguleika á hitaveitu, en óvíst um hagkvæmni að svo komnu máli. Þessir staðir eru Tálknafjörður, Bildudalur og Drangnes. Í skýrslunni segir einnig, að þar sem enginn eða óverulegur jarðhiti var fyrir hafa fundist með borunum vatnskerfi sem liggja grunnt, og eru aðeins með 30° heitt vatn (Patreksfjörður, Bolungarvík, Ísafjörður). Varðandi síðast talda staði telja skýrsluhöfundar ástæðu til framhaldsrannsókna á Ísafirði, og einnig er í Súðavík talin ástæða til frekari leitar, en tilraunahola hefur verið boruð í landi Svarfhóls í Álftafirði og gefið góðar vonir.

Nú er það svo, að til skamms tíma var ekki álitnið hagkvæmt að reyna fyrir sér með jarðhitaleit á Vestfjörðum, bæði vegna fjarlægðar rannsóknarstaða frá þéttbýli og áhættuþáttar. Viðhorf hafa hins vegar breyst gífurlega eftir að olíukreppan reið í garð árið 1973. Því var það síðla árs 1974 að ákveðnar voru viðtækar jarðhitarannsóknir á Vestfjörðum, einkum með tilliti til þéttbýlis. Það er á grundvelli þeirra rannsókna sem á eftir fóru, að framangreindir staðir eru álitnir eiga möguleika umfram aðra.

Að svo komnu máli er áhættuþátturinn við frekari boranir stór og ljóst að sveitastjórnir hafa ekki bolmagn til að kosta áframhaldandi rannsóknir þar sem kannað yrði til hlítar hvort um virkjanlegt vatn yrði að ræða og hagkvæmt að stofna hitaveitu. Þá hafa aðstæður breyst með tilkomu Vesturlínu og húshitun fyrirhuguð með rafmagni í stórum mæli. Það er þó illt til þess að hugsa, að vita um ónýttar auðlindir við bæjardyrnar vegna þess að ekki er fyrir hendi nægilegt fjármagn til að nýta þær, hvað þá heldur að kanna notagildi þeirra og hagkvæmni.

Kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga við rannsóknir er sem hér segir: Orkusjóður greiðir 60%, en sveitarfélög 40%, en sveitarfélögum ber að greiða framlag Orkusjóðs til baka ef um virkjun af þeirra hálfu er að ræða. Af ástæðum sem að ofan greinir, væri eigi óeðlilegt, að kostnaðarhlutfall Orkusjóðs við rannsóknir á svonefndum köldum svæðum, svo sem Vestfjörðum og þar sem um áhættuboranir væri augljóslega að ræða að mati vísindamanna, yrði 90%.

Að öðrum kosti virðist ekki fyrirséð, að auðlindir, sem þarna kunna að leynast, verði virkjaðar og nýttar í nánustu framtíð, en með hverjum degi verður sú krafa háværar, að allar orkulindir verði fullnýttar.

Í skýrslu þeirri, sem ég vitnaði í hér að framan, er greinargerð um framhald rannsókna og vísast til þeirrar skýrslu.

Að endingu má benda á, að mikið fé hefur runnið úr ríkissjóði til greiðslu á olíustyrk á Vestfjörðum og öðrum köldum svæðum á landinu, þannig að ekki er óvíst með öllu, að herra greiðsluhlutfall Orkusjóðs til jarðhitarannsókna skilaði sér ekki bakdyramegin í lægri olíustyrk.